

Mánudaginn 9. janúar 1932.

Nr. 109/1932. **Lárus Jóhannesson, f. h. Magnúsar Jónssonar** (Sjálfur)

gegn

Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis (Enginn).

Áfrýjað til staðfestingar kyrrsetningardómi og eftirfylgjandi fjárnámi.

Dómur gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí 1932: Kyrrsetning sú, sem gerð var í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 11. þ. m., skv. kröfu hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar í Reykjavík, í lausafé tilheyrandi verzlun Tang & Riis á Sandi til tryggingar kröfu Magnúsar Jónssonar bókhaldara í Stykkishólmi á hendur firmanu Tang & Riis að upphæð 2385 — tvö þúsund þrjú hundruð áttatíu og fimm — krónur 23 aurar, staðfestist sem löglega gerð og framfylgt. Jafnframt heimilast stefnanda að gera fjárnám til uppboðssölu í hinum kyrrsettu munum til lúkningar skuldarupphæðinni, ásamt 6% ársvöxtum af henni frá 1½ 1932 að telja þar til greitt er. Loks greiði stefndur stefnandanum 282.50 — tvö hundruð áttatíu og tvær — krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í októbermánuði f. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja, og var því þá frestað til dezembermánaðar. En þegar það var þá aftur tekið fyrir, var ekki mætt af hálfu stefnda og hefir málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir með stefnu, útg. 30. júlí f. á., skotið til hæstaréttar dómi til greiðslu á kr. 2385,23 auk vaxta og málskostnaðar, uppkveðnum í gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí f. á., og fjárnámi, sem gert var í fógetarétti sömu sýslu 24. júní s. á. í ýmsum lausafjármunum firmans Tang & Riis á Sandi, og krefst áfrýjandi staðfestingar á dómi þessum og fjárnámi auk málskostnaðar.

Með því að skjöl málsins bera það ekki með sér, að neitt sérstakt sé við dómsathafnir þessar að athuga, verður að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu þeirra til greina.

Með því að áfrýjanda var sagt það af hendi stefnda, að hann mundi áfrýja framannefndum dómsathöfnum til breytingar, sem hann og gerði, enda þótt hann félli síðar frá þeirri áfrýjun, þykir áfrýjandi hafa haft ástæðu til málskots síns, og þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, og er málskostnaðurinn ákveðinn 70 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámi skal óraskað.

Stefndi, Ágúst Þórarinsson, f. h. Tang & Riis, greiði áfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, f. h. Magnúsar Jónssonar, 70 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta, sem er höfðað með gestaréttarstefnu, útg. 1½ 1932, er risið út af skuld firmans Tang & Riis við Magn-

ús Jónsson, bókhaldara í Stykkishólmi. Hefir stefnandi 11. þ. m. kyrrsett 3 uppskipunarbáta og smábát, vöruflutningabifreið og peningaskáp og skrifborð, eign verzlunar Tang & Riis á Sandi til tryggingar kröfunni og höfðað mál þetta til staðfestingar kyrrsetningunni. Krefst hann þess, að kyrrsetningin verði staðfest og honum tildæmdur réttur til að gera fjárnám til sölu við uppboð í hinum kyrrsettu munum til lúkningar hinni umstefndu skuld að upphæð kr. 2385,23 ásamt 6% ársvöxtum af henni frá 1½ þ. á. til greiðsludags. Auk þess krefst hann þess að sér verði tildæmdar kr. 282,50 í málskostnað.

Stefndur mætti í réttinum og hreyfði engum mótmælum gegn kröfum stefnanda.

Af málsskjölunum verður ekkert séð, er sé því til fyrirstöðu, að dómkröfur stefnandans verði teknar til greina. Ber því að gera það og virðist eftir atvikum rétt að dæma stefndan til að greiða stefnandanum kr. 282,50 í málskostnað.

Mánudaginn 9. jan. 1932.

Nr. 110/1932. **Lárus Jóhannesson** (Sjálfur)

gegn

Ágúst Þórarinssyni, f. h. Tang & Riis (Enginn).

Áfrýjað til staðfestingar kyrrsetningardómi og eftirfylgjandi fjárnámi.

Dómur gestaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 28. maí 1932: Kyrrsetning sú, er gerð var í fógetarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 11. þ. m., samkv. kröfu hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar í Reykjavík, í vörubirgðum verzlunar Tang & Riis, að upphæð 5100 — fimm þúsund og eitt hundrað — krónur, staðfestist sem löglega gerð og framfylgt. Jafnframt heimilast stefnanda að gera fjárnám til uppboðssölu í hinum kyrrsettu munum til lúkningar vixilskuldinni, ásamt 6% ársvöxtum af henni frá 1¼ 1932 að telja og þar til greitt